

Hér með leyfi ég mér að koma á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis fáeinum athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu lækkuðu veiðigjöld á hverju ári frá 2012/13 til 2016/17 þótt ríkissjóði lægi mjög á tekjum til að vernda fólkíð í landinu gegn óþyrmilegum afleiðingum hrunsins. Lækkun veiðigjaldanna nemur næstum 2/3 á þessu árabili á verðlagi hvers árs og er enn meiri á föstu verðlagi.

Ástæða er til að minna á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn [mótmælti](#) lækkun veiðigjalda 2013 af hagstjórnarástæðum og það gerðu einnig margir aðrir innan lands. Enda hefur Indriði H. Þorláksson fv. ríkisskattstjóri [sýnt fram á](#) að aðeins um 10% fiskveiðirentunnar hefur undangengin ár runnið til réttis eiganda auðlindarinnar, fólksins í landinu, meðan 90% hafa runnið til útvegsmanna. Til samanburðar hafa [80% olíurentunnar í Noregi](#) runnið til réttis eiganda þar.

Fyrirhuguð lækkun veiðigjalda gengur í berhögg við lögin í landinu eða a.m.k. anda laganna, m.a. fyrstu grein laganna um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, en þar segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Fyrirhuguð lækkun gengur einnig í berhögg við (a) stjórnarskrána skv. [dómi Hæstaréttar](#) nr. [145/1998](#); (b) úrskurð mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna 2007 í máli sjómanna Erlings Sveins Haraldssonar og Arnars Snævars Sveinssonar gegn íslenska ríkinu, sjá [CCPR/C/91/D/1306/2004](#); og (c) nýju stjórnarskrána sem 67% kjósenda lýstu stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem Alþingi bauð kjósendum til 2012 og þá sérstaklega auðlindaákvæðið sem 83% kjósenda lýstu sig fylgjandi, en þar segir: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. ... Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“ Alþingi á enn eftir að virða vilja þjóðarinnar með því að lögfesta niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Engum þarf að koma á óvart skýringin á hvoru tveggja, fyrirhugaðri lækkun veiðigjalda nú og ítrekuðum undanbrögðum Alþingis í stjórnarskrármálinu síðan 2013. Skýringin blasir við. Henni hafa margir menn lýst í löngu máli innan lands og utan. Hér er ein lýsingin enn, tekin úr óbirtri meistaraprófsritgerð Þorvalds Logasonar félagsfræðings í Háskóla Íslands 2011 með leyfi höfundar:

”Kvótakerfið hefur þess vegna virkað einsog dulið sjóðakerfi, með föstum fyrirfram ákveðnum fyrirgreiðslum til útvalinna útgerðarmanna. Á kvótanum hefur verið pólitískt eignarhald. Búin voru til eitruð vensl milli þeirra stjórnmalaflokka sem studdu kvótann, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og útgerðarmanna. Fyrirgreiðslukerfið í sjávarútvegi var í raun lögfest og bundið við tvo stjórnmalaflokka sem um leið festi pólitískt samráð þeirra á milli. Samráð sem gengið hefur undir heitinu, helmingaskipti. Hér: Helmingaskipti verðmætustu auðlindar þjóðarinnar. Svo mikil völd, eignir og verðmæti eru í húfi, að augljós hættu er á að þeir sem þau hafa öðlast séu tilbúnir til að ganga mjög langt til að verja auðvöld sín. Eitraða sambandið milli ofangreindra stjórnmalaflokka og útgerðarinnar eru, að mati höfundar, veigamikill skýringaþáttur spillingarinnar á Íslandi, vegna þess að útgerðarauðvaldið er tryggasti bakhjarl valdakjarna beggja flokkanna.”

Bezt færi á að Alþingi skæri sjálft á [naflastrenginn](#) sem bindur marga þingmenn við útvegsmenn. Lögfesting nýju stjórnarskrárinna býður Alþingi greiða leið til þess. Ef Alþingi bregzt þessari lýðræðisskyldu sinni þurfa önnur öfl, utan þings, að leysa málið.

Með virðingu,

Þorvaldur Gylfason prófessor (kt. 180751-7699)
Lindargötu 33, 101 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2018.